

Nr. 9.
1.
apríl.

Lög

um

viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara, hvort heldur er munnlega eða skriflega, um flutning í aðrar heimsálfur, eða á nokkurn annan hátt hafa á hendi nokkra atvinnu í þarfir slíks útflutnings. Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum 100—4000 kr., eða fangelsi.

2. gr.

Undanþága sú frá eptirliti lögreglustjórnarinnar, er 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal úr lögum numin.

3. gr.

Eigi má taka útfara á skip til flutnings til útlanda, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka útfara, hefur gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltekið, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið er hentugt til útfaraflutnings á þann hátt, er segir í 7. gr. laga 14. jan. 1876.

4. gr.

A hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda, skal lögreglustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbrjef útfara og ganga úr skugga um, að tala útfara sje eigi hærri, en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti á skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að lög nr. 12, 7. febr. 1890 sjeu för hans eigi til fyrirstöðu, og að hann

Nr. 9. Lög 1. apríl um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Nr. 9.
1ste
April.

Tillæg til og Forandring i Lov af 14de Januar 1876 om Tilsyn med
Udvandrerens Befordring

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitteligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ingen uden autoriserede Udvandringsagenter og deres befuldmægtigede maa afslutte Kontrakter, mundtlige eller skriftlige, med Udvandrere om deres Befordring til fremmede Verdensdele eller paa nogen anden Maade have noget Erhverv i en saadan Befordrings Tarv. Ingen maa med ufande Forestillinger hverve eller forsøge at hverve Udvandrere. Overtrædelser af denne Paragrafs Bestemmelser straffes med Bøder fra 100—4000 Kr. eller med Fængsel.

§ 2.

Den det kongelige danske Postdampsskib ved Lov af 14de Januar 1876 § 7 tilstaaede Undtagelse fra Politiets Kontrol ophæves.

§ 3.

Udvandrere maa ikke tages om Bord i noget Skib til Befordring til Udlandet, førend Politimesteren paa det Sted, som Skibet først anløber for at tage Udvandrere, dertil har meddelt skriftlig Tilladelse, hvilken Tilladelse nærmere skal fastsætte det Antal Udvandrere, som Skibet maa modtage. Forinden saadan Tilladelse meddeles, skal Politimesteren paa den i Lov af 14de Januar 1876 § 7 foreskrevne Maade undersøge, om Skibet er tjenligt til Befordring af Udvandrere.

§ 4.

I den sidste Havn, hvorfra Skibet afgaar til Udlandet, skal Stedets Politimester, undersøge Udvandrerens Passagerbilletter og forvisse sig om, at deres Antal ikke er større, end der paa det første Anløbssted var meddelt Tilladelse til at modtage i Skibet. Samtidig er enhver Udvandrer pligtig til at afgive til Politimesteren en skriftlig Attest fra Politimesteren i den Jurisdiktion eller Repstyreren i den Rep, hvor han sidst havde

Nr. 9. sje að öðru leyti að lögum frjáls til útfarar. Skipstjóri og útflutningastjóri ber ábyrgð á,
 1. að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til slíkrar rannsóknar, svo og til læknisrann-
 apríl. sóknar þeirrar, sem ákveðin er í 8. gr. laga nr. 3, 14. jan. 1876. Brot gegn ákvæðum þess-
 arar greinar varða sektum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 1. apríl 1896.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Hjemsted, om at Lov Nr. 12 af 7de Februar 1890 ikke er til Hinder for hans Afrejse, og at der i øvrigt ikke er nogen lovlig Hindring for hans Udvandring. Skibsføreren og Udvandringsagenten ere ansvarlige for, at alle Udvandrere i Skibet fremstille sig til den ommeldte Undersøgelse saavel som til den i § 8 i Lov Nr. 3 af 14de Januar 1876 paabudte Lægeundersøgelse. Overtrædelser af Bestemmelserne i denne Paragraf straffes med Bøder.

Nr. 9.
1ste
April.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 1ste April 1896.

Ministeriet for Island, den 1ste April 1896.

J. Nellesmann.

Olafur Halldórsson.